

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing, er fellir úr gildi auglýsingu frá stjórnarráði Íslands 21. nóvember 1900, um bólusótt í Hull, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 25. maí 1900 (A. nr. 17, bls. 90—91).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 4. júní 1900 (A. nr. 18, bls. 92—93).

Reglugjörð fyrir veðdeild þá, er stofnuð er við landsbanka Íslands í Reykjavík samkvæmt lögum 12. janúar 1900, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 15. júní 1900 (A. nr. 19, bls. 94—105).

Lög um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi, undirskrifuð af ríkisarfa 21. júní 1900 (A. nr. 20, bls. 106—109).

Lög um leyfi til vegalagningar um Arnarhólstún í Reykjavík o. fl., undirskrifuð af ríkisarfa 21. júní 1900 (A. nr. 21, bls. 110—111).

Auglýsing um pest í Smyrna o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 2. júlí 1900 (A. nr. 22, bls. 112—113).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 19. júlí 1900 (A. nr. 23, bls. 114—115).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- **69**
amtinu um meðgjöf með óskilgetnum börnum. — Með brjefi, dagsettu 31. júlí.
27. febr. þ. á., hafði þjer, herra amtmaður, látið upp álit yðar um erindi hrepps-
nefndarinnar í hinum forna Dyrhólahreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði
yðar, dagsettum 18. sept. f. á., er ákveður, að nefndur hreppur skuli greiða
Vesturlandeyjahreppi 630 kr. 26 a. til endurgjalds framlögum síðarnefnds hrepps
með 2 óskilgetnum börnum Steinunnar Sigurðardóttur frá fardögum 1893 til jafn-
lengdar 1898.

Eins og þjer takið fram í nefndum úrskurði yðar, stóð Steinunn þessi
Sigurðardóttir, sem hafði verið fylgikona Jóns nokkurs Brandssonar í Vestra-Fifholti
í Vestur-Landeyjum og átt með honum 3 börn, uppi vegalaus í fardögum 1893. Varð
þá hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi að taka að sjer framfærslu 2 barnanna,
en móðirin virðist hafa haft ofan af fyrir einu barninu. Hreppsnefnd Vestur-
landeyjahrepps tilkynnti síðan með brjefi, dagsettu 19. sept. 1893, þetta hrepps-
nefndinni í hinum forna Dyrhólahreppi, sem var fæðingarhreppur Steinunnar,
og krafðist þess að hreppsnefndin í síðarnefndum hreppi tæki við Steinunni og
börnunum og annaðist um framfæri hinna þriggja barna að hálfu móts við föð-
ur þeirra, ella mundi hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi leggja með börnun-
um (að hálfu móts við föður þeirra) gegn endurgjaldi frá framfærslusveitinni.
Hreppsnefndin í hinum forna Dyrhólahreppi neitaði að viðurkenna sveitfesti
Steinunnar, og spannst út af því langur málarekstur, sem lauk með úrskurði

7. dag septembermánaðar 1900.

Reykjavík — Ísafoldarprentsmiðja.

69 mínum, dagsettum 28. oktbr. 1897, er staðfesti þann úrskurð yðar, dagsettan 11. febr. s. á, að Steinunn skyldi teljast sveitlæg í Dyrhólahreppi hinum forna.

Krafa hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyjahreppi er alls 650 kr. eða 65 kr. í 5 ár (1893—98) fyrir hvort hinna tveggja barna, er tekin voru á sveitarframfæri, þó svo að frá kröfunni dragist kr. 17,74, sem greiddust úr dánarbúi föður barnanna, Jóns Brandssonar, með samþykki erfingja hans. Þessa kröfu neitar hreppsnefndin í hinum forna Dyrhólahreppi að greiða, meðal annars af eptirgreindum ástæðum: að of seint hafi verið sagt til þess að börnin væri tekin á sveitarframfæri, að engin aðsjónargjörð hafi fram farið hjá Steinunni, að hún hafi eigi beðið um styrk börnunum til framfæris og að þess sje eigi getið í sveitarbókum Vesturlandeyjahrepps að Steinunni eða börnum hennar hafi verið ráðstafað vorið 1893. En yrði hinn forni Dyrhólahreppur eigi algerlega losaður við að greiða hin umgetnu meðlög, þá hefir hreppsnefndin þar nú farið þess á leit að krafan yrði færð niður um rúman helming eða um 332 kr., með tilliti til þess sjerstaklega, að hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi hafi í áður-nefndu brjefi sínu 19. septbr. 1893, að eins krafist þess, að hinn forni Dyrhólahreppur tæki að sjer framfæri barnanna að helmingi við föður þeirra.

Jeg verð að vera yður samdóma um það, að aðsjónargjörð hafi verið óþörf, eins og hjer stóð á, og að það eigi ekki að hafa nein áhrif á þetta mál, að eigi liggja fyrir sannanir fyrir því, að Steinunn hafi beiðst sveitarstyrks fyrir börn sín, og hvað því viðvíkur, að þess sje ekki getið í sveitarbókum Vesturlandeyjahrepps, að Steinunni eða börnum hennar hafi verið ráðstafað vorið 1893, þá er það að vísu rjett, en þar sem það kemur í ljós af endurriti úr sveitarbók þessa hrepps, að með hvoru barnanna hefir verið lagt árin 1893—97 (líklega fyrir fardagaárin 18^{93/94}—18^{97/98}), þá virðist sú mótbára ekki verða tekin til greina. Aftur á móti virðist krafa hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyjahreppi of seint fram komin, til þess að hún geti orðið tekin til greina frá fardögum 1893, og hreppur þessi því ekki eigi að fá endurgoldin meðlögin fyrir 19. septbr 1893, heldur að eins frá þeim degi, og það því fremur, sem þess í brjefi nefndarinnar s. d. er alls eigi getið, að börnin hafi þegar verið tekin á sveitarframfæri í fardögum næst á undan, heldur er aðeins sagt að greitt verði meðlag með þeim, ef hreppsnefndin í Dyrhólahreppi hinum forna ekki taki Steinunni og börnin að sjer sem fyrst.

Að vísu gaf optnefnt brjef hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyjahreppi frá 19. septbr. 1893 hreppsnefndinni í Dyrhólahreppi hinum forna ástæðu til að ætla, að faðir barnanna legði með þeim að hálfu, en á það atriði virðist samt eigi verða lögð nein sjerleg áherzla. Hitt virðist meiru varða, að eptir minni skoðun hefði hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi þegar er hún tók hin umræddu tvö börn á framfæri, átt að leita amtsúrskurðar um meðlag föðursins með börnunum, því að til þess hafði hún rjett (og þá einnig, eins og hjer stóð á, skyldu) samkvæmt 4. gr. laga 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum, einkum þar sem hreppsnefndin í Dyrhólahreppi hinum forna engan rjett átti á að fá slíkan amtsúrskurð, meðan eigi var útgert um sveitfesti Stein-

unnar, en það getur eigi komið hjer til álita, hvort þessi hreppsnefnd hafi haft ástæðu til að neita sveitfesti Steinunnar eða eigi. — Ef rjett hefði verið að farið, hefði barnsfadirinn (eða framfærslusveit hans) átt að greiða helming að minsta kosti með hinum tveimur börnum, er sveitin tók að sjer, en móðirin eða framfærslusveit hennar hinn helminginn, þangað til fadirinn, Jón Brandsson, dó um fardaga 1896. Fyrir það barnið, er eigi var tekið á sveitarframfæri, bar hreppsnefndinni í Vesturlandeyjahreppi auðvitað eigi að leita meðlagsúrskurðar frá amtinu. Því úrskurðast hjermeð, að Dyrhólahreppur hinn forni greiði Vesturlandeyjahreppi hálf meðlag með tveimur börnum Steinunnar Sigurðardóttur frá 19. sept. 1893 til fardaga 1896, eða 190 kr. 28 a., og fult meðlag fyrir fardagaárin 18^{96/97} og 18^{97/98} eða 260 kr., samtals 450 kr. 28 a.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir nefndum sveitarfjelögum.

Auglýsing

70

um breyting á yfirsetukvennaumdæmaskipun í Suðuramtinu eins og hún er ákveðin í auglýsingu 9. maí 1896 (Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 68—70).

Samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess, 25.—27. f. m., er Krisivíkursókn hjermeð skilin frá 1. yfirsetukvennaumdæmi Árnæssýslu og lögð til 12. yfirsetukvennaumdæmis Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 9. Júlí 1900.

J. Havsteen.

Auglýsing

71

um breyting á yfirsetukvennaumdæmaskipun í Vesturamtinu, eins og hún er ákveðin með auglýsingum 9. maí og 9. nóvbr. 1896 og 13. desbr. 1899 (Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 70—72 og 204, og 1899, bls 224—225).

Samkvæmt ályktun amtráðsins á fundi þess 18. þ. m., er sú breyting gjörð á 5. og 6. yfirsetukvennaumdæmi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, að bæirnir utan Breiðavíkurhrauns í Breiðavíkurhreppi, sem er 6. umdæmið, eru lagðir undir 5. umdæmið (Neshrepp ytri), sem þá nær yfir alla Ingjaldshólsókn.

Samkvæmt þessu er 5. umdæmið, Neshreppur ytri, að meðtöldum þeim parti af Ingjaldshólssókn, sem er í Breiðavíkurhreppi, en 6. umdæmið hinn hluti Breiðavíkurhrepps.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 27. júlí 1900.

J. Havsteen.